



# Ytra mat grunnskóla Brekubæjarskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Akraneskaupstað.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Hanna Hjartardóttir  
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-15-2

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna.....	4
Stjórnun.....	4
Nám og kennsla.....	4
Innra mat.....	4
Skólabragur.....	5
Inngangur.....	6
Markmið og tilgangur.....	6
Aðferðir og framkvæmd.....	6
Brekkubæjarskóli.....	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi.....	8
Stefna skólans.....	8
Starfsmenn.....	9
Nemendur.....	9
Árangur náms.....	10
Samræmd próf.....	10
PISA.....	11
Starfstími.....	11
Sérfræðiþjónusta.....	11
Niðurstöður.....	12
Svið I - Stjórnun.....	12
Fagleg forysta.....	12
Stefnumótun og skipulag.....	15
Samskipti heimila og skóla.....	17
Svið II - Nám og kennsla.....	19
Nám og námsaðstæður.....	19
Þátttaka og ábyrgð nemenda.....	22
Námsaðlögun.....	23
Svið III – Innra mat.....	25
Framkvæmd innra mats.....	25
Svið IV – Skólabragur.....	28
Ábyrgð samfélagsins.....	28
Starfsandi og skólareglur.....	29
Áætlanir og kannanir.....	30
Nemendalýðræði.....	30
Styrkleikar og tækifæri til umbóta.....	31
Heimildir.....	33
Viðhengi/Fylgiskjöl.....	33

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Brekkubæjarskóla sem fór fram á vorönn 2013. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrjár fyrirfram ákveðnar en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var skólabragur metinn.

## Stjórnun

Stjórnendur stuðla með ýmsu móti að samhljómi meðal allra um góðan og jákvæðan skólabrag. Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu. Markviss vinna er með stefnu skólans, með þróunarvinnu og teyllum sem halda utan um að hún sé virk. Jákvæður skólabragur og lýðræðisleg vinnubrögð endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir. Þjónusta við nemendur með sérþarfir er markviss. Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans. Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu og vel er haldið utan um samstarf milli skólastiga.

Lagt er til að kennarar hafi möguleika á að fá endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknum stjórnenda eða annarra kennara. Gera þarf jafnréttisáætlun og einnig þarf að setja fram móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Fram kom einnig að efla má og samræma upplýsingaflæði til nemenda og foreldra í gegnum Mentor. Skipa þarf nemendur í skólaráð til tveggja ára og æskilegt er að skólaráð setji sér formlega vinnuáætlun.

## Nám og kennsla

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og nemendur nýta skólahúsnæðið innan og utan kennslustofu til fjölbreyttrar vinnu og náms. Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og tíminn almennt vel nýttur. Teymiskennsla og samstarf kennara gefa möguleika sem nýttir eru til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður. Nemendur hafa fjölbreytta möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og telja sig hafa áhrif. Markvisst er fylgst með námi og árangri nemenda og hugað að þörfum nemenda með sérþarfir.

Efla þarf notkun upplýsingatækni í öllu skólastarfi. Auka má samvinnu kennara og efla enn frekar þau góðu vinnubrögð sem eru í skólanum eins og við teymiskennslu. Huga að því að auka þátttöku nemenda á ýmsa vegu tengt námi. Við endurskoðun skólanámskrár er lagt til að markmið og viðmið um námsmat verði gerð sýnileg og nemendum og foreldrum kynnt vel. Bent er á að efla þarf stærðfræðinám og kennslu á unglingsstigi þar sem nemendur sýna slakar framfarir milli 7. og 10. bekkjar. Leita leiða til að foreldrar og nemendur nýti námsvísa og kennsluáætlanir til leiðsagnar í námi. Einnig þarf að huga að því að bráðgerir nemendur sem og allir nemendur hafi krefjandi og verðug verkefni.

## Innra mat

Innra mat er reglulegt, fjölbreytt og allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Fram kemur að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila og allir hagsmunaaðilar

hafa áhrif á skipulag matsins. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara. Í sjálfsmatsteymi þurfa að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila skólans. Gera þarf tímasetta umbótaáætlun þar sem fram koma viðmið um árangur, skilgreindir ábyrgðaraðilar og hvenær meta á hvort umbætur hafi náð fram að ganga.

## **Skólabragur**

Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Almennt er góður starfsandi í skólanum, nemendur og starfsfólk þekkja hvað þarf til að skapa góðan brag og starfa í anda stefnu skólans. Góð samskipti eru milli heimila og skóla. Skólareglur eru sýnilegar og virkar. Að mati nemenda eru reglurnar sanngjarnar. Vel er fylgst með líðan nemenda og starfsfólks og nemendur segja að stjórnendur reyni að láta öllum líða vel. Nemendur hafa tækifæri til að efla félagsfærni á ýmsa vegu.

Uppfæra þarf skólareglur í samstarfi allra aðila, nemenda, foreldra og starfsfólks. Einnig þarf að huga almennt að því að efla nemendapátttöku sérstaklega með tilliti til þátttöku og ábyrgðar tengt námi og námsaðstæðum. Loks er lagt til að efla upplýsingamiðlun frá nemendaráði og fulltrúum nemenda í skólaráði til allra nemenda.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Brekkubæjarskóla á Akranesi. Matið var framkvæmt af Þóru Björk Jónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 22. - 24. apríl, 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Brekkubæjarskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum .

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var: skólabragur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu máli

eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sex ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneyti lét fara fram árin 2003 og 2008 en engar heildarúttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fundur var haldinn 2. apríl 2013 með skólastjóra og sviðsstjóra og verkefnisstjóra Fjölskyldustofu Akraness. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 1. – 6. bekk og hins vegar 7. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóran. Vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna.

Skólaheimsóknin stóð yfir í 3 daga (auk kynningafundar og skoðunar), þ.e. 22. - 24. apríl 2013. Heimsóttar voru 28 kennslustundir hjá 30 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku (lestur, skrift, bókmenntir, málfræði), samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum og tónlist auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki til hvaða kennara eða í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 79% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli skólaheimsókna og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

---

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

## Brekkubæjarskóli

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Brekkubæjarskóli er annar tveggja heildstæðra grunnskóla á Akranesi. Barnaskólinn, eins og nafn hans var í byrjun, tók til starfa haustið 1880 í nýju skólahúsi við götu sem dró nafn sitt af því, Skólabraut. Skólinn flutti í stærra hús við sömu götu 1912 og þar var hann til ársins 1950 að hann fluttist í núverandi húsnæði sem síðan hefur verið byggt við þrisvar sinnum. Árið 1974, með tilkomu grunnskólalaganna þá, var nafninu breytt í Grunnskólinn á Akranesi. Næstu árin eftir að fjölbrautaskóli var stofnaður og Gagnfræðaskólinn á Akranesi lagður niður (1977) bættust þrjár árgangar við skólann og hefur hann síðan þá verið heildstæður grunnskóli með tíu árganga. Þegar grunnskólar staðarins urðu tveir árið 1982 var Brekkubæjarskólanafnið tekið upp. Skólinn stendur á gömlu túni Brekkubæjar og þaðan er nafngiftin komin.

Brekkubæjarskóli er einsetinn frá hausti 2001. Vinnuaðstaða nemenda og kennara er góð; gott skólasafn, stór tölvustofa og sérgreinastofur. Skólinn hefur aðgang að Íþróttahúsinu við Vesturgötu til íþróttakennslu og sund er kennt í Bjarnalaug sem er innilaug. Skóladagvist og hluti myndmenntakennslu er til húsa í austurhluta íþróttahússins í svonefndri „Þekju.“ Árið 2004 tók til starfa mótuneyti fyrir nemendur þar sem boðið er upp á heita máltíð í hádeginu.

Sérdeild Brekkubæjarskóla var formlega stofnuð árið 1986. Hún tilheyrir Brekkubæjarskóla á Akranesi og er rekin af Akranesbæ. Tilgangur með stofnun hennar var að gera fötluðum börnum á Akranesi kleift að stunda nám í heimabyggð. Sérdeildin þjónar báðum grunnskólum Akranesbæjar og foreldrar fatlaðra barna hafa valkost um nám í sérdeild eða í almennum bekk fyrir börn sín. Nemendur sérdeildar í 5.- 10. bekk eiga kost á að fara í skipulagða frístund í Félagsmiðstöðina Arnardal / Þorpið eftir að skóla lýkur.

Unglingar í Brekkubæjarskóla sækja sitt tólmundastarf í félagsmiðstöðina Arnardal/Þorpið og eiga einn fulltrúa í stjórn hennar. Tónlistarskólinn á Akranesi hefur tvær stofur til umráða í skólanum fyrir sína kennslu. Nemendur Brekkubæjarskóla sem stunda nám við Tónlistarskólann eiga kost á því að fara að minnsta kosti einu sinni í viku í tónlistartíma á skólatíma. Þá er einnig samstarf um tónlistarval fyrir unglinga milli þessara skóla svo og Grundaskóla.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Vesturlands er meðal annars með þeim hætti að kennarar í iðngreinum þar hafa sinnt valgreinakennslu fyrir Brekkubæjarskóla. Kennslan fer fram í Fjölbrautaskóla Vesturlands.

### Stefna skólans

Haustið 2001 var tekin upp skólastefna í Brekkubæjarskóla sem ber heitið „Góður og fróður“ og byggir á sýn skólans. Skólastefnan er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna skólans. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi. Eitt af verkefnum í *Góður og fróður* er markviss vinna með dygðir þvert á allar námsgreinar og er hluti af skólastefnunni. Á hverri önn gefur lífsleikniteymi skólans tóninn og ákveður eina sameiginlega dygð sem allir árgangar vinna með. Jafnrétti er dygð vorannar 2013.



Tónlist er ríkur þáttur í skólastarfinu og tengist einnig *Góður og fróður* því á morgunstundum sem haldnar eru fjórum sinnum á ári í tengslum við þá stefnu flytja nemendur tónlist, bæði söng og hljóðfæraleik. Margar litlar hljómsveitir eru innan skólans og allir nemendur fá tækifæri til að njóta tónlistar á margvíslegan hátt. Vorið 2013 var settur upp söngleikur í samvinnu við Heiðarskóla í Leirársveit sem ber vott um þá stefnu að vera í tengslum við nærsamfélagið. Sama gildir um gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi sem hefur til afnota stofur í skólanum eins og áður segir. Einnig er samstarf við Grundaskóla en sameiginlega halda skólarnir tónleika sem nefnast *Ungir gamlir*. Þar spila nemendur skólanna og syngja og fá leiðsögn frá reyndum tónlistarmönnum.

Í Brekkubæjarskóla er rekin öflug og skilvirk umhverfisstefna frá árinu 2003. Samstarf nemenda og starfsfólks hefur skilað skólanum réttinum til að flagga Grænfánanum, en hann er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skólinn fékk fánann árin 2007, 2009 og 2011. Skólinn hefur svokallaðan grenndarskóg en hann er í nokkurri fjarlægð frá skólanum og einkum nýttur á vordögum/þemadögum skólans.

Brekkubæjarskóli og Grundaskóli vinna saman að þróun lestrarstefnu meðal annars með því að taka þátt í verkefnum og innleiðingu náms- og kennsluáferða svo sem *Byrjendalæsi*, *Orð af orði* og *Gagnvirkum lestri*.

Þróunarverkefni í námsmáti hefur staðið yfir frá árinu 2009 og lýkur árið 2013 og þegar er námsmatsstefna skólans tilbúin. Brekkubæjarskóli tekur þátt í verkefninu Brúum bilið - samstarf leikskóla og grunnskóla á Akranesi. Tilgangurinn með verkefninu er að stuðla að öryggi og vellíðan barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

## Starfsmenn

Á skólaárinu 2012 – 2013 eru starfsmenn samtals 79 í Brekkubæjarskóla. Stjórnendur eru fimm; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, tveir deildarstjórar og verkefnisstjóri. Kennarar eru 38 og aðrir starfsmenn 21. Þá er námsráðgjafi í 80% stöðuhlutfalli. Allir kennarar eru kennaramenntaðir utan einn leiðbeinandi sem kennir smíði. Við sérdeildina starfa 10 kennarar, þroskaþjálfar og iðjuþjálfar og sex stuðningsfulltrúar. Nemendur sem eru skilgreindir í sérdeild eru 28 (tilheyra þó bekknum sínum og eru inni í heildarnemendafjölda skólans). Sálfræðingur er starfsmaður Fjölskyldustofu og er í 40% stöðuhlutfalli þetta skólaár. Talmeinafræðingur er einnig starfsmaður Fjölskyldustofu og er í 20% stöðuhlutfalli. Hjúkrunarfræðingur er starfsmaður Heilsugæslunnar en er í 63% stöðu við skólann. Hlutfall kynja er þannig í starfsmannahópnum að karlmenn eru tæp 12%.

## Nemendur

Á skólaárinu 2012 – 2013 eru nemendur skólans 408 talsins. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku eru 34. Þeir nemendur, utan sérdeildar, sem fá skilgreinda sérkennslu eru um það bil 30% nemenda, allt frá því að vera einstaklingskennsla (mjög fáir) og upp í 10 – 12 nemenda hópa. Yfirleitt eru tveir bekkir í árgangi en teymiskennsla, það er samstarf tveggja kennara um kennslu í árgangi er hjá 1., 2. og 4. bekk.

Fjöldi nemenda eftir árgöngum:

Bekkur	Fjöldi nemenda	Bekkur	Fjöldi nemenda
1.	33	6.	44
2.	32	7.	40
3.	43	8.	48

4.	41	9.	50
5.	29	10.	55

## Árangur náms

### Samræmd próf

Nemendur 4. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Í stærðfræði eru nemendur aðeins undir landsmeðaltali. Niðurstaðan 2012 var slakari þar sem nemendur sýna árangur sem er marktækt undir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Niðurstaðan 2012 er slakasta niðurstaða sl. sex ára. Í íslensku eru hlutfallslega margir nemendur (38%) með lága (0-22) normaldreifða einkunn, en það hlutfall er 23.8 á landsvísu. Sama á við um stærðfræðina, þar sem 35% nemenda eru með lága einkunn en á landsvísu eru það 23%. Að sama skapi eru hlutfallslega færri (15%) í hópi hárra einkunna í báðum greinum. Þessi samanburður er fyrir árið 2012.

Nemendur 7. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku en undir landsmeðaltali í stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. 2012 sýna nemendur árangur sem er í landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Dreifing nemenda milli flokka lágra, meðal og hárra normaldreifðra einkunna er þannig að færri eru með háa einkunn en landsmeðaltal bæði í stærðfræði og íslensku og einnig eru hlutfallslega færri með lága einkunn í stærðfræði.

Nemendur 10. bekkjar standa sig aðeins undir landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku og verulega undir í stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Árangur þeirra í ensku er í landsmeðaltali. Dreifing einkunna eftir flokkum há, meðal og lág normaldreifð einkunn undanfarin sex ár sýnir að í íslensku og stærðfræði er hlutfall nemenda sem fá háa einkunn undir viðmiðum, verulega lágt hlutfall er í hópi þeirra sem fá háa einkunn í stærðfræði (8%) þegar meðaltal síðust sex ára er skoðað og hærra hlutfall (34%) er í hópi þeirra sem fá lága einkunn. Niðurstaðan 2012 var góð þar sem nemendur sýna árangur sem er yfir landsmeðaltali í ensku, um landsmeðaltal í íslensku en í stærðfræði er árangur nemenda verulega undir landsmeðaltali. Árangur nemenda 2012 eftir flokkum: Fáir nemendur (17%) sýna slakan árangur í íslensku. Færri en almennt gerist á landsvísu (13%) eru í hópi þeirra sem fá háa einkunn í stærðfræði og fleiri eru í hópi með lága einkunn. Í ensku eru umtalsvert fáir með lága einkunn (5%) og margir með háa (33%).

### Framfarir

Niðurstöður 2012 sýna að 31% nemenda eru að taka meiri eða talsvert meiri framförum í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar en almennt gerist á landsvísu. Þeir sem sýna minni framfarir í stærðfræði en gengur og gerist eru 8%. Í íslenskunni eru 15% sem taka meiri framförum og 13% sem sýna minni framfarir en almennt gengur.

Þegar litið er á framfarastuðla skólans sést að framfarir nemenda eru yfirleitt sambærilegar og á landsvísu þegar litið er til síðustu sex ára. Þetta merkir að staða nemenda við skólann hefur haldist miðað við jafnaldra. Aðeins þegar skoðaðar eru framfarir milli 7. og 10. bekkjar í stærðfræði eru framfarir heldur minni en á landsvísu.

### Þátttaka 2012

Þátttaka nemenda 4. bekkjar árið 2012 í íslensku var 87.5% og stærðfræðipróf tóku 90% nemenda. Á landsvísu tóku 90.8% nemenda íslenskuna og 92.2% stærðfræðiprófið.

Í 7. bekk tóku 85% nemenda samræmt próf í íslensku (5 nemendur voru veikir, það er 13% og einn fjarverandi, það er 3%) og 82% í stærðfræði (18% nemenda það er 7 nemendur voru veikir). Á landsvísu er þátttaka 91.8% í íslensku og 91.7% í stærðfræði.

Í 10. bekk þreyttu 80% nemenda íslensku (þrjú nemendur eða um 5% voru fjarverand, 13% það er 7 nemendur voru veikir og einn nemandi það er 2% með undanþágu) og 85% stærðfræðipróf en 93% nemenda þreyttu próf í ensku í 10. bekk 2012. Þetta er 10% minni þátttaka en gerist á landinu í íslensku þar sem 90,2% nemenda þreytir próf en álíka í stærðfræði þar sem 89,6% þreyta stærðfræðipróf á landsvísu og ensku taka 91% á landsvísu.

## **PISA**

PISA er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. PISA prófun fer fram á þriggja ára fresti. Nemendur Brekkubæjarskóla voru verulega fyrir neðan landsmeðtaltal á öllum þremur mælingum á læsi samkvæmt PISA þar til á síðustu mælingu, 2009, þegar læsi á öllum þremur sviðunum er í eða yfir íslenska meðaltalinu. Niðurstöður PISA 2012 verða ekki birtar fyrr en í desember 2013.

## **Starfstími**

Árlegur skólatími er 180 skóladagar nemenda en auk þess fjórir skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og níu skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og gildir það einnig um nemendur í sérdeild. Umfang forfallakennslu á fyrri önn skólaársins 2012 – 2013 var 639 kennslustundir og felldar voru niður 405 kennslustundir á sama tímabili skv. skýrslum en í mörgum tilfellum voru þær leystar af stjórnendum (fá ekki greitt fyrir og því ekki skráðar stundir samkvæmt forfallakennslu skýrslu).

## **Sérfræðipjónusta**

Skólinn sækir sér sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Fjölskyldustofu Akraness og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

## Niðurstöður

### Svið I - Stjórnun

Í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla* (kafla 10.1).

Stjórnun í Brekkubæjarskóla er í anda laganna og áréttingar þeirra í aðalnámskrá. Nú er unnið að skólustefnu Akraneskaupstaðar sem unnin er í góðri samvinnu við grunnskóla bæjarins og þar mun einnig verða kveðið á um þá stjórnunarhætti sem skóli og sveitarfélag telja besta. Á heimasíðu Akraneskaupstaðar kemur fram að tveir stýrihópar hafa unnið að mótun þessarar stefnu í samvinnu við helstu hagsmunaaðila sl. ár.

### Fagleg forysta

#### *Stjórnandinn sem leiðtogi*

Stjórnendur Brekkubæjarskóla leggja rækt við samskipti meðal allra í skólasamfélaginu; nemendur, starfsmann og foreldra. Áherslur skólans koma einkum fram í lífsleikniáætluninni sem gengur undir nafninu *Góður og fróður* og er allt frá árinu 2001. Má segja að þau gildi sem þar eru skilgreind séu leiðarljós skólans. Vinna við dygðir á hverri önn sýna mjög vel hvernig allt starf skólans byggir á þessum gildum. Jafnrétti er dygð vorannar 2013 og víða um skólann má sjá fjölbreytt verkefni eftir nemendur sem tengjast þessu verkefni á einn eða annan hátt. Aðrar dygðir sem unnið hefur verið með eru: Sjálfsvirðing, traust, umhyggja, vinátta, umburðarlyndi og þakklæti, heilbrigði og heiðarleiki. Það hversu leiðarljósið, dygð skólans, er raunverulegt í öllu starfi kemur fram í jákvæðum skólabrag sem gestkomandi skynjar og heyrir líka af hjá öllum í rýnihópaviðtölum.

Stefna skólans *Góður og fróður* er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu og allir hagsmunaaðilar; starfsmenn, foreldrar og nemendur þekkja hana. Umhverfismál er ein af áherslum skólans en umhverfisstefna hefur verið markviss frá 2003 og skólinn hefur þrisvar sinnum fengið Grænánann. Tónlist er mjög ríkur þáttur í starfi skólans, bæði innan hans og einnig í samstarfi við Tónlistarskólann. Meðal annars er boðið upp á tónlistarval fyrir unglinga skólaárið 2012 – 2013 þar sem þeim er boðið að læra á ýmis hljóðfæri og söng. Þetta er samstarfsverkefni Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Tónlistarskólans.

Skólastjóri og aðrir stjórnendur miðla upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda á heimasíðu. Kennarar eru markvisst hvattir til að auka gæði náms og kennslu. Kemur það fram í umræðum á kennarafundum og einnig í þeim sveigjanleika sem er til staðar fyrir þá sem eru í staðbundnu framhaldsnámi. Vel er fylgst með endurmenntun kennara og þeir hvattir til að sækja sér endur- og framhaldsmenntun.

Þegar skólastjóri kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu. Þó stjórnendur fylgist vel með námi og kennslu í skólanum þá er ekki um reglulegar heimsóknir að ræða í kennslustundir þar sem fram fer endurgjöf í kjölfarið.

#### Styrkleikar

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu.
- Jákvæður skólabragur endurspeglar í samstafi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra.
- Miðlun upplýsinga um árangur og gæði er komið á framfæri.
- Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu.

#### Tækifæri til umbóta

- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.

#### Stjórnun stofnunar

Skýr verkaskipting er innan stjórnendateymis og regluleg upplýsingagjöf milli stjórnenda sem funda einu sinni í viku. Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Nú stendur yfir stefnumótun yfirvalda og skólasamfélags til næstu ára. Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins.

Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf, bæði í starfsmannaviðtölum, á fundum og einnig í óformlegu spjalli vegna einstakra verkefna/starfa. Starfspróunarsamtöl eru regluleg og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.

Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun og reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur. Skráning á menntun og sérhæfingu starfsfólks liggur fyrir í Mentor svo og í umsóknum/ráðningarskjölum við upphaf starfs. Uppfærsla og virkari skráning hjá öllum vegna sí- og endurmenntunar gæti gefið enn betra yfirlit yfir þennan þátt.

Starfslýsingar allra starfsmanna liggja ekki fyrir en í skólanámskrá er eingöngu lýsing á starfi kennara/umsjónarkennara/faggreinakennara/sérgreinakennara.

Jafnréttisáætlun sem miðar að því að jafna stöðu kynja liggur ekki fyrir. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir. Hins vegar er rætt um að eðlilegt væri að síðastnefndu tvær áætlanirnar væru gerðar sameiginlega fyrir skólana á Akranesi.

Allir starfsmenn skrifa undir trúnað og þagnarskyldu við ráðningu en verktakar sem vinna í skólanum skrifa ekki undir slíkt. Þess ber þó að geta að um það er ekki kveðið á í lögum og reglugerðum en þykir góður háttur.

#### Styrkleikar

- Verkaskipting á milli stjórnenda er skýr og þekkt af starfsmannahópi.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita markvissa endurgjöf.
- Samskipti foreldra og stjórnenda eru til fyrirmyndar.
- Stjórnendur og yfirvöld skólamála eiga góða samvinnu um mótun skólastefnu.
- Kennslutilhögun tekur mið af menntun og sérhæfingu hvers og eins.
- Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og hafa aðgengilegar.
- Jafnréttisáætlun svo og eineltisáætlun/verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks þurfa að liggja fyrir.

#### Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um megin viðmið. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Það ber t.d. starfið með dygðirnar með sér og einnig má nefna að veturinn 2012 – 2013 hafa starfsmenn fengið regluleg námskeið utanaðkomandi aðila um samskipti á vinnustað sem leiða til jákvæðs skólalags.

Fundaáætlun er sett upp fyrir skólaárið og formlegir fundir boðaðir með dagskrá, fundargerðir ritaðar og aðgengilegar öllu starfsfólki. Þá fundar skólastjóri tvisvar í mánuði með skólaliðum.

Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, það er bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda. Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð t.d. Brúum bilið sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla á Akranesi. Þá er unglíngum í Brekkubæjarskóla boðið upp á verknámsval í FVA og árlega er 10. bekklingum boðið í heimsókn í skólann. Einnig er faglegt samstarf milli grunnskólanna tveggja á Akranesi t.d. varðandi lestrarstefnu.

#### Styrkleikar

- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.
- Starfsfólk er öðrum fyrirmynd um lýðræðisleg vinnubrögð.
- Samstarf milli annarra skólastiga er skýrt sett fram og virkt.

#### Skólaþróun

Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastafi innan skólans, hún er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Auk þess tekur hún tillit til þarfa einstakra starfsmanna. Samræmi er milli hennar og þess starfs sem snýr að umbótum í skólanum. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að sækja sér endur- og framhaldsmenntun.

Ákveðnir aðilar bera ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda. Skilmerkileg umbótaáætlun er til um lestur en þróunar- og/eða umbótaáætlun um aðra þætti skólastarfs liggur ekki fyrir.

#### Styrkleikar

- Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur skólans og stuðlar að hvers konar endurmenntun starfsmanna.
- Ákveðið teymi ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu.

## Stefnumótun og skipulag

### Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er fyrst og fremst unnin af stjórnendum en rædd á starfsmannafundi þar sem öllum gefst tækifæri til að koma með tillögur og athugasemdir. Hún er síðan lögð fyrir skólaráð og skólanefnd.

Í skólanámskrá eru birt þau gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi, námi og kennslu og faglegri þróun, upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum og áætlanir um umbætur og þróunarstarf, einkum þegar horft er til lestrarstefnu. Skólanámskráin er unnin af starfsfólki og haft er samráð við skólaráð og hún er uppfærð árlega. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun m.a. með tilliti til breytinga sem orðið hafa á aðalnámskrá grunnskóla, þar á meðal grunnþáttanna sex; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir munu birtast í almennu skólastarfi og á einstökum námssviðum. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár með þátttöku allra hagsmunaaðila. Aðkoma foreldra og nemenda er fyrst og fremst í gegnum fulltrúa í skólaráði. Í vetur eru stefnumótunarfundir með yfirvöldum menntamála á Akranesi og grunnskólum bæjarins sem eru öllum opnir og hvatt til þátttöku foreldra og nemenda.

#### Styrkleikar

- Allt starfsfólk kemur að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar sem lögð er fyrir skólaráð.
- Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum.
- Stefnumótunarfundir allra aðila í skólasamfélaginu munu skapa framtíðarsýn fyrir skólann.

#### Tækifæri til umbóta

- Bein aðkoma foreldra og nemenda gæti verið meiri við vinnu að skólanámskrá t.d. þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og foreldrum.

### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga vikunnar. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska.

Stundatöflur nemenda bera vott um sveigjanleika í skólastarfinu þannig að árgangar eiga saman tíma á töflu sbr. í öðrum árgangi þar sem tveir kennarar sinna öllum hópnum eða um 30 nemendum. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár t.d. með því að taka listgreinar á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafa meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil.

Boðið er upp á valgreinar fyrir nemendur í 8. – 10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Þar má nefna: tónlist, íþróttir, tómstundastarf, Mangiamo (ítölsk matargerð), þrek, skák, myndlist, heimilisfræði, smíði og tilraunir. Auk þess eru valgreinar í verknámi í samstarfi við FVA; rafiðn, tréiðn, málmíðn og Fab Lab.

Listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju er einnig hægt að meta til valgreina óski foreldrar eftir því.

#### Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Sameiginlegir tímar í heilum árgöngum gefa kost á fjölbreyttara námsframboði.

#### Tækifæri til umbóta

- Huga má að hvort enn frekar sé hægt að koma á sameiginlegum tímum á töflu t.d. fyrir samvinnu milli árganga og í bóklegum greinum. Þannig mætti efla enn frekar teymisvinnu.

#### Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Þetta má ekki síst sjá í verkefninu *Góður og fróður* þar sem hver dygð bætir og viðheldur jákvæðum skólabrag. Skólareglur liggja fyrir og eru sýnilega í skólastofum. Þær þarf þó að uppfæra m.t.t. nýrrar reglugerðar (1040/2011). Nemendur taka þátt í að móta bekkjarreglur og þeir hafa líka unnið að umbunarkerfi sem nefnist *Sólarkerfi* og hefur verið notað frá árinu 2008. Markmið þess kerfis er að bæta líðan og iðka þær dygðir sem skólinn leggur áherslu á hverju sinni.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti varðandi nemendur liggja fyrir og unnið er eftir þeim en þær voru gerðar af hálfu fjölskylduráðs bæjarins fyrir báða grunnskólana og tóku gildi haustið 2012. Reglurnar voru unnar af námsráðgjöfum og sálfræðingum skólanna.

Fyrir liggur skipurit um verkefni sem unnið er að um aðrar forvarnir. Hins vegar væri æskilegt að til staðar væri heildstæð forvarnaráætlun þar sem markmið forvarna kemur einnig fram.

Áhersla er lögð á stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Í því skyni er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þá sem þurfa sérkennslu/námsaðstoð og sérstök sérdeild er starfandi við skólann þar sem einstaklingar með mikla greiningu fá þá umönnun og stuðning sem þeir þurfa. Ein tegund stuðnings er nýbúafræðsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis. Ekki er þó til sérstök móttökuáætlun vegna þessara nemenda.

Móttökuáætlun er til fyrir nýja nemendur og fyrir nemendur með sérþarfir.

#### Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur einkennir alla starfsemi skólans.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss og góð.
- Móttökuáætlanir eru til fyrir nýja nemendur og nemendur með sérstakar þarfir.

#### Tækifæri til úrbóta

- Endurskoða þarf skólareglur m.t.t. nýrrar reglugerðar.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku þarf að gera.
- Æskilegt væri að hafa heildstæða forvarnaráætlun sem nær til allra þátta forvarna og þar sem markmið koma fram.



## Samskipti heimila og skóla

### *Skólaráð, foreldrafélag*

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans. Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, dagskrár funda eru þó ekki sendar út fyrirfram og ekki eru nemendur með á öllum fundum. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir ráðið til umsagnar. Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. Nemendur eru ætíð úr 10. bekk og því til eins árs. Ekki er til heildarvinnuáætlun fyrir skólaráð þar sem kemur fram fundaáætlun yfir árið og helstu atriði sem taka á fyrir hverju sinni.

Skólastjóri fundar reglulega með stjórn foreldrafélagsins og fundirnir eru haldnir í skólanum. Fulltrúar úr hverjum bekk vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara. Þeir standa fyrir alls kyns viðburðum eins og bekkjarkvöldum, grilli og jólaföndri.

### Styrkleikar

- Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans.
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.

### Tækifæri til úrbóta

- Þar sem fulltrúar í skólaráði eiga að vera kosnir til 2ja ára væri eðlilegt að nemandi úr 9. bekk væri kosinn annað hvert ár (þannig væri alltaf 1 úr 9. bekk og 1 úr 10. bekk og sætu í 2 ár).
- Æskilegt væri að skólaráð setti sér formlega vinnuáætlun til árs þar sem fram kæmu helstu málefni hvers fundar.

### *Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun*

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara. Þetta er m.a. gert með námskynningum að hausti og reglulegum foreldraviðtölum þar sem rætt er um árangur í námi og líðan. Þá er foreldrum boðið á hina ýmsu viðburði í skólanum. T.d. eru svokallaðar morgunstundir, sem eru fjórum sinnum á ári og helgaðar dygðum skólans, mjög vel sóttar af foreldrum.

Auk þess eru svokallaðar dygðastundir í hverjum árgangi. Þá bjóða nemendur foreldrum að koma og eru þá oft með sýningu á einhverju sem þeir hafa verið að vinna. Stundum eru þessar dygðastundir í samstarfi við foreldrafulltrúana.

Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra með könnunum þar sem eru einnig opnar spurningar og hvatt er til þess að foreldrar taki þátt í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú fer fram hjá yfirvöldum bæjarins og grunnskólum hans.

Mest af upplýsingum til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum fer í gegnum Mentor. Þó er það misjafnt eftir kennurum hversu vel og mikið sá miðill er nýttur. Einnig fer tölvupóstur og töskupóstur til foreldra auk upplýsinga á heimasíðu. Það kemur fram í viðtölum við foreldra að þeim er ljóst hvert þeir eiga að snúa sér ef upplýsingar vantar frá skólanum en sumir hverjir eru ekki mjög duglegir við að sækja sér upplýsingar á Mentor.

### Styrkleikar

- Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.
- Foreldrum er boðið reglulega í vettvangsheimsóknir í skólann svo sem á morgunstundir.

- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk.

#### Tækifæri til umbóta

- Efla þarf og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor.
- Skólinn þarf að hvetja forelda til að fylgjast reglulega með áætlunum, heimanámi, viðburðum o.fl. á Mentor.

## Svið II - Nám og kennsla

Í skólanámskrá er rætt um að sérstaða skólans felist í áherslu á umhverfismál og með lífsleiknistefnu sem nefnist *Góður og fróður*. Þar kemur fram að framtíðarsýn skólans er í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna skólans. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi. Í tengslum við þessa sýn er unnið með dygðir, eina á hverri önn. Dygð vorannar þegar athugun fór fram var jafnrétti. Stefna skólans í umhverfismálum er skráð þar sem fram kemur meðal annars að stefnt er að því að nemendur læri að lifa í sátt við umhverfi sitt og taka ákvarðanir sem eru samfélaginu og náttúrunni til heilla. Skólinn hefur sett fram ýmsar leiðir til að vinna að þessu og er Grænánaverkefni ein þeirra. Til að stuðla að framgangi stefnu skólans eru starfandi teymi starfsfólks og nemenda sem halda utan um viðkomandi þátt, teymi um lífsleiknistefnu skólans, um umhverfisstefnu og einnig er starfandi námsmatsteymi sem heldur utan um þróunarverkefni um námsmat. Grunnskólarnir á Akranesi setja sér sameiginlega lestrarstefnu.

## Nám og námsaðstæður

### *Inntak og árangur*

Brekkubæjarskóli leitast við að skapa námsaðstæður þar sem hver nemandi fær nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Upplýsingar um nám og kennslu eru settar fram og birtar opinberlega og öllum aðgengilegar. Námsvísar byggja á aðalnámskrá og stefnu skólans. Áherslur vorannar í lífsleikni er jafnrétti sem er einn af grunnþáttum menntunar. Verið er að vinna að endurskoðun skólanámskrár og tengingu náms við grunnþætti menntunar.

Námsvísar birta markmið náms í hverjum bekk og þeim greinum sem við eiga og byggja á aðalnámskrá 2007. Námsvísar eru birtir á heimasíðu sem bekkjarnámskrár. Kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og fag eru birtar á heimasíðu þar sem fram koma markmið annarinnar og yfirleitt er getið um kennsluefni, kennsluaðferðir, tengsl verkefnis við lífsleikni og námsmat. Stefna skólans endurspeglast víða í námsvísunum þar sem getið er um tengsl við lífsleiknistefnu og oft einnig umhverfisstefnu. Námsvísar og kennsluáætlanir eru misjafnlega unnar og settar fram. Sumar skilgreina nám vikunnar með blaðsíðutali í bók, aðrar tengja við inntak náms og hvað nemendur eru að læra.

Foreldrar töluðu um að þeir nýttu námsvísa ekkert, vissu samt af þeim. Nemendur nefna að þeir nýta vikuáætlanir en ekki námsvísa.

Fjölbreyttum árangri nemenda er fagnað og um hann eru fréttir á heimasíðu, svo sem árangri í fimleikum og þátttöku í ljóðasamkeppni.

Skólinn nýtir upplýsingar sem samræmd próf og skimanir gefa og bregst við ef þarf svo sem með endurskoðun sérkennslu og leiðsögn til kennara.

Nemendur Brekkubæjarskóla standa sig almennt í kringum landsmeðaltal í íslensku á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Í stærðfræði eru þessir bekkir aðeins undir landsmeðaltali sé litið til árangurs síðustu sex ára. Nemendur í 10. bekk standa sig aðeins undir

landsmeðaltali í íslensku og verulega undir í stærðfræði sé lítið til sl. sex ára. Árangur þeirra í ensku er í landsmeðaltali þessi árin. Þegar lítið er á framfarastuðla skólans sést að framfarir nemenda eru yfirleitt venjulegar þessi sex ár sem lítið er til. Aðeins þegar skoðaðar eru framfarir milli 7. og 10. bekkjar í stærðfræði eru framfarir minni en almennt á landsvísu.

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá er skýrt fram sett .
- Mikil og markviss vinna er með stefnu skólans .
- Teymi halda utan um að unnið sé að framgangi stefna skólans .

#### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skólanámskrá og námsvísa .
- Samræma þarf kennsluáætlanir.
- Finna þarf leiðir til að foreldrar og nemendur nýti og tengi upplýsingar um nám og markmið í námsvísunum og áætlunum.
- Huga að stærðfræðikennslu með sérstaka áherslu á að efla framfarir á unglingsstigi.
- Skoða þátttöku nemenda á samræmdum prófum og bæta hana þar sem við á.

#### *Skipulag náms og námsumhverfi*

Námsumhverfi er hvetjandi og styður við nám nemenda. Nemendur vinna einstaklingslega eða í samvinnu og hafa til þess rými. Nemendur voru við vinnu víða í skólanum, ungmenni sátu sem dæmi saman við nám á göngum eða unnu í lausum stofum jafnvel langt fram eftir degi. Nemendur nýta einnig bókasafn. Almennt var lítið unnið með upplýsingatækni í þeim stundum sem skoðaðar voru.

Almennt er hefðbundin bekkjarskipan og yfirleitt einn kennari með bekknum. Teymiskennsla tveggja eða þriggja kennara sást í fjórum stundum. Í 15 af þeim 26 almennu stundum sem metnar voru var stuðningsfulltrúi í stofunni. Í níu stundum voru einhverjir nemendur í sérúrræði, frá einum í sex. Nemendafjöldi hjá kennara í almennum tímum var mismikill, yfirleitt voru hóparnir með milli 11 og 20 nemendum hjá kennara, fimm hópar voru með 21 eða 22 nemendum og fimm námshópar með undir 10 nemendum hjá kennara.

Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur með góðu samhengi milli árganga. Nemendur á unglingsstigi hafa val í námi í formi valgreina. Í vettvangsathuguninni sáust nemendur yngri- og miðdeildar ekki velja mikið í námi, um viðfangsefni, námsaðferðir eða námsgreinar. Í kennsluáætlunum kemur yfirleitt fram hvernig meta á nám nemenda en viðmið eru ekki sett fram um árangur. Umfjöllun um námsmat í skólanámskrá gerir ekki grein fyrir viðmiðum um árangur eða kvörðum sem nýttir eru við mat. Skólinn hefur verið í þróunarvinnu um námsmat og til er námsmatsstefna þar sem fram koma áherslur við námsmat á hverri önn.

Nemendasamtöl eru tvisvar á ári í tengslum við vitnisburð um nám þar sem rætt er um námsframvindu og líðan nemenda. Nemendur segjast stundum undirbúa sig og meta sjálfir hvernig námið gengur fyrir samtalið við kennarann.

Nemendur og foreldrar sem rætt var við í rýnihópi telja sig þekkja tilgang heimanáms en skiptar skoðanir eru meðal foreldra um tilgang og gagnsemi þess. Bæði foreldrar og nemendur sem rætt var við í rýnihópi telja það vera til að ljúka því sem nemandi ekki komst yfir í skólanum. Í rýnihópi kennara komu fram sterkar skoðanir gegn heimanámi.

### Styrkleikar

- Námsumhverfi er hvetjandi til náms og nemendur nýta rými innan og utan kennslustofu.
- Nemendasamtöl eru tvisvar á ári.

### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf grein fyrir námsmati og viðmiðum um það í skólanámskrá.
- Efla þarf möguleika nemenda á vali í námi.
- Efla þarf notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.

### *Kennsluhættir og gæði kennslu*

Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og í kennslufræði. Fjölbreyttir kennsluhættir sáust víða, flestar stundir sem setnar voru teljast góðar og nokkrar kennslustundir voru frábærar. Kennslustundir voru yfirleitt vel skipulagðar og tíminn vel nýttur. Nemendur unnu í nokkrum tímum að heildstæðum og samþættum verkefnum og samvinna var nýtt vel í fáeinum tímum. Nýta ætti betur þann kraft sem fæst í nám nemenda með markvissri samvinnu.

Einstaklingsvinna nemenda var algeng eða í rúmlega helmingi kennslustundanna. Vinna þar sem nemendur vinna einir að sínu námi og oft tengt námsbók eða vinnubók í framhaldi af innlög kennara. Kennari gengur síðan á milli og aðstoðar nemendur. Kennarinn er í tveimur af hverjum þremur kennslustundum í hlutverki fræðara<sup>2</sup>. Samvinna nemenda var markvisst skipulögð sem hluti af námi í sex kennslustundum og einhver samvinna fór fram í fjórum að auki. Margvíslegar námsaðstæður þar sem nemendur leituðu lausna og voru virkir í fjölbreyttum verkefnum var í um í þriðjungu kennslustunda, kennsluathafnir þar sem kennari er í hlutverki leiðbeinanda<sup>3</sup>. Teymiskennsla og kennsla þar sem kennarar skipulögðu saman nám og kennslu skilaði sér greinilega í fjölbreyttum námsaðstæðum og viðfangsefnum nemenda.

Endurgjöf í námi er markviss en lítið var um sjálfsmat eða annað námsmat í stundunum sem heimsóttar voru.

### Styrkleikar

- Nemendur nýta skólahúsnæðið til fjölbreyttrar vinnu og náms.
- Kennarar vinna í teymum sem skilar fjölbreyttum námsaðstæðum og verkefnum til nemenda.
- Nemendur fást við margvísleg verkefni sem krefjast bæði einstaklingsvinnu og samvinnu.

### Tækifæri til umbóta

- Efla teymiskennslu og nýta á fjölbreyttan hátt þá kennslufræðilega hæfni sem býr í kennurum.
- Hvetja nemendur til samvinnu við nám, markviss félagastuðningur eflir nám.
- Tengja nám og námsmat betur við markmið.

### *Námshættir og námsvitund*

Virkni nemenda í kennslustundum var yfirleitt góð, nemendur voru flestir áhugasamir um nám sitt og unnu vel. Nemendur fá einhverja þjálfun í námsaðferðum, dæmi um það er að víða í stofum sáust

---

<sup>2</sup> Kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Náms efni er í forgrunni. Sjá viðhengi.

<sup>3</sup> Kennari stýrir framvindu eða skipuleggur rannsóknarmiðað nám, leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Frumkvæði og ábyrgð getur verið hjá nemanda og nemandinn er í forgrunni. Sjá viðhengi.

leiðbeiningar um gagnvirkan lestur. Fjölbreyttar aðferðir voru við gagnaöflun en upplýsingatækni var lítið nýtt í tímum. Áhugasvið nemenda tengist námi þeirra að hluta, eldri nemendur hafa val og dæmi var um að nemendur fengust við verkefni sem tengdust áhuga.

Nemendur í rýnihópnum gerðu sér grein fyrir hvernig aðstæður þeir vildu við að læra og sögðu þær vera til staðar. Nemendur setja sér ekki markmið og tengja markmið ekki við nám sitt. Segja kennara setja þeim áætlun til einnar eða fleiri vikna og nemendur bera síðan ábyrgð á eigin yfirferð.

#### Styrkleikar

- Nemendur áhugasamir um nám sitt og virkir í kennslustundum.
- Áhersla á nám er sýnileg í kennslustofum og á veggjum um allan skólann.

#### Tækifæri til umbóta

- Huga betur að áhugasviði nemenda og vitund þeirra um styrkleika sína.
- Auka þátttöku nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferðir og að meta framgang sinn.
- Bæta tækjakost skólans með það að markmiði að efla notkun upplýsingatækni.

### Þátttaka og ábyrgð nemenda

#### Lýðræðisleg vinnubrögð

Samskipti einkennast af virðingu og jákvæðni. Nemendur tala um að stjórnendur líti inn í stofur og hrósi og reyni að láta öllum líða vel. Nemendaráð er starfandi sem kosið er leynilegri kosningu og fulltrúar úr nemendaráði starfa með skólaráði. Ekki er skráð með hvaða hætti eigi að leita sjónarmiða nemenda.

Nemendur vita að þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri en þekkja ekki vel til starfa fulltrúa sinna í skólaráði. Upplýsingar um umræður og ákvarðanir á fundum sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja eru ekki öllum aðgengilegar og nemendafulltrúar fá ekki sérstaka þjálfun til setu í skólaráði og eru ekki alveg fullgildir þar sem þeir sitja ekki alla fundi. Nemendur geta nefnt dæmi um hvernig þeir hafa áhrif á skólaumhverfi sitt.

Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda, sérstaklega með könnunum um einelti og líðan en nemendur kannast ekki við að niðurstöður séu kynntar þeim. Foreldrar kannast heldur ekki við það. Bekkjafundir eru reglulegir þar sem nemendur koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nemendur taka þátt í að móta framtíðarsýn skólanna á Akranesi og taka þátt í bæjarstjórnarfundi einu sinni á ári.

#### Styrkleikar

- Skólabragur og öll samskipti einkennast af jákvæðni og virðingu.
- Nemendur hafa fjölbreytta möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og telja sig hafa áhrif.

#### Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda við að koma sjónarmiðum um framkvæmd náms og námsumhverfis á framfæri.
- Skrá þarf verklag við að afla sjónarmiða nemenda.
- Kynna þarf foreldrum og öllum nemendum á markvissan hátt niðurstöður umræðna nefnda, kannana og innra mats.

## Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma vel fram, ganga vel um og taka tillit til annarra. Þeir þekkja skólareglur og finnast þær sanngjarnar. Í viðtali við nemendur kom fram að þeir setji sér markmið sem tengjast yfirferð en ekki beint innihaldi námsins. Kennarar segja að nemendur geri ekki áætlanir um nám sitt, en meti frammistöðu sína í ákveðnum verkefnum, hvernig þeir hafi staðið sig og hvernig þeir geti bætt sig.

Markmið námseininga í heild sinni eru foreldrum og nemendum aðgengileg í bekkjarnámskrám á heimasíðu. Nemendur virtust ekki telja þetta vera markmið sem þeir væru að vinna með eða sem væri þeim ætlað til að setja sér markmið í námi. Yfirleitt kemur fram í kennsluáætlunum með hvaða hætti á að meta en ekki er getið um hvaða viðmið eru um árangur.

### Styrkleikar

- Samskipti í skólanum eru mjög góð og nemendur tala um að þeim líði vel.

### Tækifæri til umbóta

- Kennarar þurfa að tengja nám og kennslu við markmið nemenda.
- Viðmið um árangur þurfa að vera opinber og sýnileg.
- Nemendur þurfa að tengja nám við markmið og mat við viðmið um árangur.

## Námsaðlögun

### Nám við hæfi allra nemenda

Allir viðmælendur telja að skólinn leitist við að mæta þörfum allra nemenda og sé skóli án aðgreiningar. Borin sé virðing fyrir fjölbreytileika. Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og reynt er að mæta námsþörfum allra nemenda.

Nemendur innan bekkja eru flestir að vinna sömu verkefni. Nám og námsaðstæður þeirra sem vinna annars konar verkefni er aðgreint á ýmsa vegu. Við skólann er starfandi sérdeild en nemendur hennar tilheyra sínum bekkjum og eru mismikið í bekkjarumhverfi við nám. Einnig eru námsver unglíngastígs þar sem nemendur eru við nám í stöku tímum, annað hvort fasta tíma eða geta komið eftir þörfum. Sérkennsla er einnig inni í bekkjaraðstæðum og einnig eru stuðningsfulltrúar sem fylgja ákveðnum nemendum. Stuðningsfulltrúi var í rúmlega helmingi tímanna sem metnir voru. Við athugun á námsaðstæðum og verkefnum nemenda í stuðningi eða sérkennslu kom fram að þeir voru fyrst og fremst að fást við sama bóklega námsefni og bekkjarfélagar eða bóklegt námsefni sem bekkjarfélagar hafa lokið. Stuðningsaðili aðstoðar nemandann við verkefni þegar þarf. Ekki sást að kennslu væri mikið breytt eða námsaðferðir fjölbreyttar.

Nemendur telja að alltaf sé reynt að finna lausn þannig að námsefni sé við hæfi, allavega ef það er of þungt, ef efnið er of létt segja nemendur að ekki sé horft til þess að þyngja heldur leiði það til hærri einkunna. Í máli kennara kemur fram að einstaklingsmiðun náms sé meiri á yngri stigum en eldri.

### Styrkleikar

- Nemendur eru almennt fullgildir þátttakendur í öllu starfi skólans.
- Reynt er að mæta námsþörfum nemenda á fjölbreyttan hátt.

### Tækifæri til umbóta

- Auka fjölbreytni við nám og kennslu nemenda í sérkennslu.
- Setja fram vel skilgreind markmið með námi nemenda með sérþarfir og gera nemendum ljós þau markmið.

- Tengja verkefni og viðfangsefni nemenda meira við áhuga.

### **Stuðningur við nám**

Fylgst er með árangri nemenda og brugðist við ef þarf. Kennsla og stuðningur við nám er í samræmi við greiningu á stöðu þeirra í námi og skipulögð við hæfi hvers og eins. Skráð er verklag við mat og skimanir. Stuðningur fer fyrst og fremst fram inni í bekk eða í smáum hópum. Nám nemenda með metnar einstaklingsþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrá sem umsjónarkennari, sérkennarar, sérdeildarkennarar og fagkennari þegar við á koma að. Við endurmat einstaklingsnámskrár koma foreldrar og nemendur þegar við á að matinu. Kennarar fá ráðgjöf um kennslu til að mæta þörfum nemenda með sérþarfir.

Í rýnivíðtölum við kennara og foreldra kom fram að huga þurfi betur að námi við hæfi ef nemendur standa vel að vígi í námsgrein eða eru bráðgerir. Kennarar telja þarna vera tækifæri til að gera betur.

### **Styrkleikar**

- Markvisst er fylgst með námi og kennslu allra nemenda.
- Góðar skráðar upplýsingar um verklag og skipulag sérkennslu eru til staðar.

### **Tækifæri til umbóta**

- Skrá þarf hvernig bregðast eigi við niðurstöðum mats og skimana.
- Huga þarf að viðfangsefnum sem koma til móts við bráðgera nemendur.



## Svið III – Innra mat

Frá árinu 2008 hefur markvisst verið unnið að því að taka innra mat skólans fastari tökum. Frá þeim tíma hefur verið starfandi sjálfsmatsteymi til að halda utan um starfið og eru í því kennarar og stjórnandi. Teymið sér meira og minna um framkvæmd innra mats, ákvörðun um matsþætti, vinnu við niðurstöður og síðan samræður um umbætur.

Stuðst hefur verið við bókina Sjálfsmat skóla sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu árið 1997. Strax var sett upp gróf áætlun til að gefa matsþáttunum tíu (Sjálfsmat skóla 1997) fullnægjandi skil á fimm árum. Í lok þess tímabils sem er nú í vor, er gert ráð fyrir heildarmati þ.e. uppgjör tengt mati undangenginna ára. Ekki er til matsáætlun til næstu ára þar sem ákveðið var að gera hana ekki fyrr en þessu fimm ár ferli lyki. Það má þó færa fyrir því rök að æskilegra hefði verið að ný áætlun til 3-5 ára væri komin út áður svo sýnilegt hringferli væri í mati skólans.

Matið hefur farið fram með mjög fjölbreyttum hætti þ.e. stuðst er við samsettar aðferðir. Má þar nefna rafrænar kannanir (forritið Woomerang) sem lagðar eru fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og snýr m.a. að kennslu, stjórnun og aðbúnaði. Tvisvar á ári eru nemendakannanir sem snúa að líðan þeirra, m.a. einelti. Þær eru lagðar fyrir rafrænt í 4. – 10. bekk en á pappír fyrir yngri nemendur.

Auk þess eru í skólanum starfrækt nokkur teymi sem skipuð eru starfsmönnum skólans og hafa einnig með höndum innra mat. Hlutverk teymanna er að halda utan um og sjá til þess að unnið sé eftir stefnu skólans. Hvert teymi skilar árlega skýrslu með ábendingum um það sem gert hefur verið og hvað hægt er að efla enn frekar. Þessi teymi eru: Lestrarteymi, lífsleiknitymi (Góður og fróður), morgunstundateymi, námsmatsteymi, sjálfsmatsteymi, stuðningsteymi og umhverfisteymi. Auk þess eru hópar vegna Brúum bilið og sérdeildar.

Einnig metur allt starfsfólk einstaka viðburði svo sem þemadaga á vorin og um jól.

Samræmd próf eru hluti af innra mati skólans, þ.e. ytra matið er nýtt til frekari eflingar skólstarfinu. Þá kemur fram mat á kennslu í verkefninu Byrjendalæsi og skólinn var einn af stofnunum Akranesbæjar sem tók þátt í vinnustaðagreiningu 2011.

Niðurstöður kannana og skýrslur teyma auk niðurstaðna samræmdra prófa eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Tvisvar sinnum hefur ráðuneytið gert úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans, árið 2003 og 2008. Í bæði skiptin töldust sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi samkvæmt viðmiðum ráðuneytis. Það kom þó fram í greinargerð 2008 að þó kerfisbundið sjálfsmat hafi ekki farið fram lægi verkáætlun fyrir. Einnig að mat hafði farið fram á öllum þáttum skólstarfsins og unnið hafði verið að umbótum.

## Framkvæmd innra mats

### *Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi*

Í skólanámskrá (á heimasíðu) er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Þá kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats. Áætlun um

innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir en, eins og kemur fram í inngangi, þá er ekki hafin vinna við nýja langtímaáætlun.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki fram með reglulegum hætti nema í tengslum við mat á kennslu í verkefninu Byrjendalæsi.

Mat og ígrundum kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er ekki hægt að mæla en í samtölum kom fram að slíkt væri alltaf til staðar.

#### Styrkleikar

- Allir helstu þættir skólastarfs eru reglulega metnir.
- Á heimasíðu skólans eru ýmsar upplýsingar um innra mat skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf að langtímaáætlun í innra mati.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.

#### *Innra mat er markmiðsbundið*

Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru í skólanámskrá eru metin og notar innra matið einnig til að skoða hvernig unnið hefur verið með matsniðurstöður fyrri ára. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru þó ekki alltaf sýnilegur hluti af innra mati. Einnig vantar skilgreind viðmið fyrir hvert markmið um þann árangur sem stefnt er að (t.d. í rafrænu könnunum).

#### Styrkleikar

- Markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

#### Tækifæri til umbóta

- Skilgreina þarf viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Leiðir að markmiðum svo sem verkferla, aðgerðir og áætlanir þarf að skilgreina nánar.

#### *Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum*

Við öflun ganga eru notaðar fjölbreyttar aðferðir sem hæfa viðfangsefnum og þeim spurningum sem lagt er upp með. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum prófum, PISA og ytra mati ráðuneytis (könnun á sjálfsmati) í innra mati.

#### Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra matið.

#### *Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum*

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði. Starfsfólk getur haft áhrif á að ákveða áherslur þegar kynning fer fram á starfsmannafundum. Matsteymið er hins vegar eingöngu skipað kennurum og stjórnendum svo bein aðkoma annars starfsfólks, nemenda og foreldra

er ekki fyrir hendi. Sama gildir þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir, þá eiga sér ekki stað samræður meðal þessara aðila um umbætur.

#### Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Allir hagsmunaaðilar geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði.

#### Tækifæri til umbóta

- Allt starfsfólk, foreldrar og nemendur þurfa að vera virkir þátttakendur í samræðum um áherslur, forgangs röðun og framkvæmd innra mats og um þróun og umbætur í kjölfar matsins.

### *Umbótastarf í kjölfar innra mats*

#### *Innra mat er opinbert*

Á heimasíðu skólans geta hagsmunaaðilar nálgast greinargerðir um innra mat, framkvæmd þess og niðurstöður. Greinargerðir eru skýrt fram settar og niðurstöður eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

Hins vegar hefur ekki verið gerð skýr umbótaáætlun og því geta hagsmunaaðilar ekki séð hvernig ætlunin er að takast á við það sem þarf að bæta.

#### Styrkleikar

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf að umbótaáætlun og birta á heimasíðu.

#### *Innra mat er umbótamiðað*

Starfsfólk og foreldrar geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. Einnig er brugðist við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin eru sérstaklega. Í gegnum teymin er umbótum kerfisbundið fylgt eftir þegar skoðaðar eru skýrslur liðinna ára. Gildir það einnig um heildarmat sbr. að í lok fimm ára tímabils skoðar matsteymi/starfsfólk hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum kannana.

Hins vegar er ekki skilgreind umbótaáætlun til staðar þar sem tilgreindar eru markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá viðmiðum sem sett eru. Sú umbótaáætlun þarf einnig að vera tímasett og skilgreina ábyrgðaraðila fyrir umbótum.

#### Styrkleikar

- Umbótum í kjölfar mats er kerfisbundið fylgt eftir.
- Eftir fimm ára tímabil er metið hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum í innra mati.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun með skilgreindum ábyrgðaraðilum. Þar þarf einnig að koma fram hvernig á að meta árangur aðgerða.

## Svið IV – Skólabragur

Skólafyrirvöld á Akranesi og stjórnendur Brekkubæjarskóla ákváðu í sameiningu að fjórði matsþáttur í þessari úttekt yrði skólabragur. Unnið hefur verið að því að efla jákvæðan skólabrag og samstarf allra í skólanum og því tækifæri til að skoða hvernig til hefur tekist á þessum tímamarki.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, kafla 7.6, segir: *Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum.*

Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008) segir: *Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.*

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 er fjallað um jákvæðan skólabrag, samskipti, skólareglur og fleira.

Það er fyrst og fremst á grunni þessara opinberu gagna sem viðmið voru gerð um það sem kalla mætti góðan skólabrag. Einnig var skoðað hvað segir í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* um jákvæðan skólabrag því þar er kveðið á um skyldur fullorðinna varðandi það að börn geti myndað eigin skoðanir og hafi rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem tryggir gagnkvæma virðingu innan skóla.

Unnar voru vísbendingar um skólabrag út frá þessum þáttum. Þeim var skipt í fjóra kafla: ábyrgð samfélagsins, starfsandi og skólareglur, áætlanir og kannanir og nemendalýðræði.

Í lífsleiknistefnu skólans, sem jafnframt er hans leiðarljós, og ber nafnið *Góður og fróður* er mikil áhersla á jákvæðan skólabrag og gagnkvæma virðingu allra í skólanum. Dygðir sem unnið er með á hverri önn eru áberandi þáttur í öllu skólastarfi.

Um markmið stefnunnar *Góður og fróður* segir:

Við viljum skila frá okkur nemendum

- Með jákvæða sjálfsmynd
- Sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og samfélaginu
- Með almenna þekkingu
- Sem sýna sjálfsaga og skipulögð vinnubrögð
- Sem búa yfir góðri samskiptahæfni

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt liggur fyrst fyrir stuttu áður en matið hefst.

### Ábyrgð samfélagsins

Skólastjórnendur leggja sig fram um að viðhalda góðum skólabrag. Það gera þeir m.a. með því að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð og einnig beinlínis með því að fá fræðslu handa öllu starfsfólki um

hvað felst í jákvæðum samskiptum. Allt starfsfólk stuðlar einnig að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu í skólanum. Að mati viðmælenda felst það meðal annars í samræðum, bæði óformlegum og einnig á faglegum fundum. Stuðlað er að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám, hegðun og samskipti. Í því tilfalli er t.d. hægt að benda á morgunstundir dygðanna. Nemendur eru almennt jákvæðir gagnvart námi sínu og eru meðvitaðir um mikilvægi jákvæðs skólabrags.

Til marks um hversu jákvæðir eldri nemendur eru gagnvart skólanum þá hófu gamlir nemendur skólans, árgangur 1949, svokallað Brekkubæjarrall skólaárið 2009 - 2010. Þeir afhentu peningagjöf sem ætluð er til að styðja við nám og félagsstarf í skólanum. Næstu tveir árgangar lögðu fram peningaupphæð til skólans næsta haust á eftir og síðan koll af kalli alltaf tveir árgangar saman.

Að tillögu fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráði, var samþykkt í skólaráði að stofnuð verði svokölluð Hollvinasamtök skólans sem hyggjast t.d. styrkja tækjakaup fyrir skólann. Þetta sýnir einnig hversu jákvætt samfélagið er í garð skólans.

### Styrkleikar

- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Skólastjórnendur leggja sig fram um að viðhalda jákvæðum skólabrag.
- Góð og jákvæð samskipti eru milli heimila, skóla og nærsamfélags.

### Starfsandi og skólareglur

Skólareglur eru öllum ljósar. Þær eru víða sjáanlega í skólanum og allir nemendur virðast meðvitaðir um þær. Þær þarf þó að uppfæra miðað við gildandi *Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (1040/2011)*. Punktakerfið er mjög skýrt í vitund eldri nemenda en yngri nemendur koma að gerð bekkjarreglna með sínum umsjónarkennara. Þær reglur eru víða á mjög áberandi stöðum. Allar upplýsingar varðandi skólareglur og punktakerfið eru á heimasíðu skólans.

Umbunarkerfið, *Sólarkerfið* frá 2008, er m.a. notað til að hafa sem bestan vinnufrið í kennslustundum. Það er mjög áberandi og haldið vel á lofti. Í kjölfar könnunar meðal nemenda fyrir nokkrum árum, þar sem kom í ljós að nemendur kvörtuðu undan ónógum vinnufriði, setti hvert aldurstig fram viðmið um vinnufrið í bekkjum; í einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu. Þessi viðmið eru sýnileg á veggjum skólans.

Haldið er uppi námsaga þar sem tekið er tillit til mannréttinda barna og þarfa með áherslu á jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð, virðingu og bann við mismunun. Þetta sést í öllu skólastarfi, ekki síst í sérdeildinni, og þetta kemur einnig fram í öllum rýnihópaviðtölum.

### Styrkleikar

- Góður starfsandi er í skólanum.
- Nemendur og starfsfólk sýnir virðingu í öllum samskiptum.
- Skóla- og bekkjarreglur eru víða sýnilegar.
- Sólarkerfið gegnir vel hlutverki sínu til að viðhalda vinnufriði.

### Tækifæri til umbóta

- Skólareglur þarf að uppfæra m.t.t. nýrrar reglugerðar. Þær þarf að vinna í samvinnu við alla hagsmunaaðila: starfsfólk, nemendur og foreldra.

## Áætlanir og kannanir

Í skólanum er til stefna um skólabrag sem reglulega er minnt á og unnið eftir; *Góður og fróður*. Heildstæð stefna er til staðar um hvernig unnið er að því að fyrirbyggja hvers kyns ofbeldi í skólastarfi. Áætlanir sem snúa að því að fyrirbyggja og bregðast við einelti eru til staðar og unnið er eftir þeim. Fylgst er reglulega með líðan nemenda og starfsfólks skóla og unnið að úrbótum ef þörf er. Til eru kannanir um líðan allt frá árinu 1998. Á heimasíðu skólans má sjá niðurstöður kannana síðustu ára.

Öryggisnefnd, öryggisverðir og trúnaðarmenn eru til staðar í skólanum og skólinn hefur áætlun varðandi tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Þó jafnrétti virðist vera til staðar bæði hvað varðar nemendur og starfsmenn er ekki til skráð jafnréttisáætlun.

### Styrkleikar

- Til er heildstæð stefna hvernig unnið er að því að fyrirbyggja hvers kyns ofbeldi í skólastarfi.
- Reglulega er fylgst með líðan nemenda og starfsfólks.

### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf jafnréttisáætlun sem nær bæði til nemenda og starfsmanna.

## Nemendalýðræði

Eins og segir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þarf að vera til staðar sá skólabragur að allir nemendur geti myndað eigin skoðanir og komið þeim á framfæri á frjálsan og eðlislægan hátt. Og jafnframt að taka skal réttmætt tillit til skoðana nemenda í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þessu er mætt í Brekkubæjarskóla með ýmsu móti. Nemendur eru virkir þátttakendur í lífsleiknistefnunni og bera morgunstundir þess glöggt merki að nemendur tjá sig á frjálsglegan hátt bæði í söng og tónlist og túlka þannig tilfinningar sínar.

Nemendaráð er starfandi á unglíngastigi þar sem nemendur hafa fyrst og fremst tækifæri til að hafa áhrif á félagslíf sitt og er fulltrúi þaðan einnig í stjórn Þorpsins, félagsmiðstöðvar. Þá eru fulltrúar í nemendaráði einnig í skólaráði og geta haft þar áhrif á þau málefni sem þar eru rædd. Einu sinni á ári gefst nemendum úr nemendaráði kostur á að sitja bæjarstjórnarfund. Hins vegar virðist hinn almenni nemandi ekki fá miklar upplýsingar um það sem fulltrúar nemendaráðs fást við í ýmsum stjórnnum og ráðum. Allir nemendur eru hvattir til að taka þátt í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú stendur yfir hjá yfirvöldum menntamála á Akranesi og grunnskólum bæjarins. Reglulega eru haldnir bekkjarfundir í flestum árgöngum og nýlega var haldið málþing fyrir nemendur á unglíngastigi. Þá sitja fulltrúar nemenda í umhverfisráði *Grænfána*.

### Styrkleikar

- Nemendur fá kerfisbundin tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem lúta að námi þeirra og félagslegu starfi.
- Félagssfærni nemenda er t.d. eflað á þann hátt að allir koma fram á morgunstundum.
- Nemendaráð getur víða komið skoðunum sínum á framfæri og tekið þátt í mótun stefnu.

### Tækifæri til umbóta

- Finna þarf farveg fyrir upplýsingamiðlun frá nemendaráði til annarra nemenda.

## Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni, einkum hvað varðar styrkleika. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í skólanum fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki síst í því góða starfi sem fram fer í tengslum við lífsleiknistefnu skólans Góður og fróður. Þar er meðal annars mikil áhersla á tónlistarflutning af ýmsum toga og mikil samskipti við foreldra í tengslum við morgunstundir. Þá eru umhverfismál áberandi þáttur í starfinu.

### Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar í stjórnun felast meðal annars í því að stjórnendur leggja sig fram um að stuðla að samhljómi allra í skólasamfélaginu og efla jákvæðan skólabrag. Stefna skólans er skýr og öllum hagsmunaaðilum kunnug. Starfsáætlun og skólanámskrá eru unnar í samvinnu og þar koma fram allir helstu þættir eins og aðalnámskrá kveður á um. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk og foreldrum boðið reglulega í skólann. Sem dæmi um það eru morgunstundir sem kenndar eru við dygðir skólans á hverjum tíma. Skólaráð og foreldrafélag eru virkir samráðs- og samstarfsaðilar.

### Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Gera þarf starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og hafa aðgengilega.
- Jafnréttisáætlun svo og verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks þurfa að liggja fyrir.
- Endurskoða þarf skólareglur m.t.t. nýrrar reglugerðar.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku þarf að gera.
- Kjósa þarf nemendur til tveggja ára í senn og æskilegt væri að skólaráð setti sér formlega vinnuáætlun til árs.
- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.
- Efla þarf og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor.

### Styrkleikar í námi og kennslu

Helstu styrkleikar varðandi nám og kennslu felast m.a. í mikilli vinnu við stefnu skólans. Námsumhverfið er hvetjandi og rými eru nýtt utan og innan kennslustofa til fjölbreyttrar vinnu og náms. Vel er fylgst með námi og kennslu og reynt að mæta námsþörfum nemenda á fjölbreyttan hátt hvort sem er í almennum bekkjum eða sérdeild. Vinna kennara í teymum skilar fjölbreyttum námsaðstæðum og verkefnum. Nemendur hafa ýmsa möguleika á að koma sjónarmiðum sínum og framfæri.

### Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Uppfæra þarf skólanámskrá og námsvísa með tilliti til nýrrar aðalnámskrár og gera grein fyrir námsmati og viðmiðum um árangur.
- Efla þarf möguleika nemenda á vali í námi og tengja nám áhugasviði nemenda.

- Tengja þarf nám og kennslu og námsmat við markmið nemenda.
- Auka þarf þátttöku nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferðir og að meta framgang sinn tengt viðmiðum um árangur.
- Setja þarf fram vel skilgreind markmið með námi nemenda með sérþarfir og gera nemendum ljós þau markmið.
- Skrá þarf hvernig bregðast eigi við niðurstöðum mats og skimana.
- Huga þarf að viðfangsefnum sem koma til móts við bráðgera nemendur
- Bæta tækjakost skólans með það að markmiði að efla notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Efla teymiskennslu og nýta á fjölbreyttan hátt þá kennslufræðilegu hæfni sem býr í kennurum.
- Samræma þarf kennsluáætlanir.
- Bæta þarf og efla leiðir til að foreldrar og nemendur fái upplýsingar um markmið náms og nýti námsvísa og kennsluáætlanir.

### Styrkleikar í innra mati

Styrkleikar í innra mati eru m.a. þeir að allir helstu þættir skólastarfs eru reglulega metnir og niðurstöður aðgengilegar á heimasíðu. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar og við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði. Niðurstöður innra mats eru formlega kynntar og umbótum kerfisbundið fylgt eftir.

### Tækifæri til umbóta í innra mati

- Vinna þarf að langtímaáætlun í innra mati og skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun með viðmiðum og skilgreindum ábyrðaraðilum. Þar þarf einnig að koma fram hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Allt starfsfólk, foreldrar og nemendur þurfa að vera virkir þátttakendur í samræðum um áherslur, forgangsroðun og framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess.

### Styrkleikar varðandi skólabrag

Skólabragurinn einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Til er heildstæð stefna hvernig unnið er að því að fyrirbyggja hvers kyns ofbeldi í skólastarfi. Félagshæfni nemenda er t.d. eflid með þátttöku allra í morgunstundum. Reglulega er fylgst með líðan nemenda og starfsfólks og nemendur geta víða komið skoðunum sínum á framfæri og tekið þátt í mótun stefnu.

### Tækifæri til umbóta varðandi skólabrag

- Finna þarf farveg fyrir upplýsingamiðlun frá nemendaráði og fulltrúum nemenda í skólaráði til annarra nemenda.
- Gera þarf jafnréttisáætlun sem nær bæði til nemenda og starfsmanna.
- Skólareglur þarf að uppfæra m.t.t. nýrrar reglugerðar. Þær þarf að vinna í samvinnu við alla hagsmunaaðila: starfsfólk, nemendur og foreldra.



## Heimildir

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus Björnsson (2010). Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði. Reykjavík: Námsmatstofnun.

*Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið.* (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Slóðin er:  
<http://www.barnasattmali.is>

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Brekkubæjarskóli. Heimasíða. Slóðin er:  
<http://www.brak.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er:  
[http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm\\_skola\\_97.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf)

Reglugerð nr.1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er:  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Gögn um samræmd próf og PISA niðurstöður skóla, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

## Viðhengi/Fylgiskjöl

Foreldrabréf.

Frekari greining matsþátta.

Matsblað kennslustundar .

Viðmið um gæði kennslustunda.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum.

Reykjavík, 30. maí 2013

Ágætu foreldrar og nemendur **Brekkubæjarskóla**

Eins og ykkur er um kunnugt var starf við skólann metið nú á vorönn með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla.

Til að sjá hvernig nám nemenda er og hversu vel skólinn stendur að því var aflað fjölbreyttra gagna. Stuðst var við ýmis gögn um skólastarfið, talað var við hópa nemenda, foreldra, kennara, annars starfsfólks, stjórnendur og skólaráð. Vettvangsathuganir voru í 28 kennslustundum. Niðurstöður matsins eru settar fram í fjórum köflum sem fjalla um stjórnun, nám og kennslu, innra mat og skólabrag, en það var matsþáttur sem skóli og sveitarstjórn völdu. Hér á eftir er stutt samantekt á niðurstöðum þar sem getið er um styrkleika og tækifæri til umbóta sem fram komu við matið.

### **Stjórnun.**

Stjórnendur stuðla með ýmsu móti að samhljómi meðal allra um góðan og jákvæðan skólabrag. Góður fróður er stefna sem allir í skólasamfélaginu þekkja og vinnan með dygðir er merki um hvernig stuðlað er að jákvæðum samskiptum. Jákvæður skólabragur og lýðræðisleg vinnubrögð endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu og vel er haldið utan um samstarf milli skólastiga.

Sem tækifæri til umbóta er lagt til svo gera megir gott starf enn betra að að kennarar hafi möguleika á að fá endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknnum stjórnenda eða annarra kennara. Gera þarf jafnréttisáætlun og einnig þarf að setja fram móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Fram kom einnig að efla má og samræma upplýsingaflæði til nemenda og foreldra í gegnum Mentor.

### **Nám og kennsla**

Nemendur voru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og nemendur nýta skólahúsnæðið innan og utan kennslustofu til fjölbreyttrar vinnu og náms. Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og tíminn vel nýttur. Teymiskennsla og samstarf kennara skapar möguleika á fjölbreyttum námsaðstæðum. Nemendur hafa fjölbreytta möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og telja sig hafa áhrif. Markvisst er fylgst með með námi og árangri nemenda og hugað að þörfum nemenda með sérþarfir.

Sem tækifæri til umbóta er nefnt að efla þurfi notkun upplýsingatækni í öllu skólstarfi. Efla samvinnu kennara og þau góðu vinnubrögð sem eru í skólanum eins og við teymiskennslu. Huga að því að auka þátttöku nemenda á ýmsa vegu tengt námi. Við endurskoðun skólanámskrár er lagt til að markmið og viðmið um námsmat verði gerð sýnileg og nemendum og foreldrum kynnt vel. Leita leiða til að foreldrar og nemendur nýti námsvísa og kennsluáætlanir til leiðsagnar í námi. Einnig þarf að huga að því að bráðgerir nemendur sem og allir nemendur hafi krefjandi og verðug verkefni.

### **Innra mat**

Innra mat er reglulegt, fjölbreytt og allir helstu þættir skólstarfsins eru metnir. Fram kemur að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila og allir hagsmunaaðilar hafa áhrif á skipulag matsins. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

Tækifæri eru til umbóta innra mats. Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara. Í sjálfsmatsteymi þurfa að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila skólans. Gera þarf tímasetta umbótaáætlun þar sem fram koma viðmið, skilgreindir ábyrgðaraðilar og hvenær meta á hvort umbætur hafi náð fram að ganga

### **Skólabragur**

Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Almennt er góður starsfandi í skólanum, nemendur og starfsfólk þekkja hvað þarf til að skapa góðan brag og starfa í anda stefnu skólans. Góð samskipti eru milli heimila og skóla. Skólareglur eru sýnilegar og virkar. Að mati nemenda eru reglurnar sanngjarnar. Vel er fylgst með líðan nemenda og starfsfólks og nemendur segja að stjórnendur reyni að láta öllum líða vel. Nemendur hafa tækifæri að efla félagsfærni á ýmsa vegu til dæmis með þátttöku í reglulegum morgunstundum.

Tækifæri til umbóta varðandi skólabrag eru að uppfæra skólareglur í samstarfi allra aðila, nemenda, foreldra og starfsfólks. Einnig að huga almennt að því að efla nemendaþátttöku sérstaklega með tilliti til þátttöku og ábyrgðar tengt námi og námsaðstæðum. Loks er lagt til að efla upplýsingamiðlun frá nemendaráði og fulltrúum nemenda í skólaráði til allra nemenda.

### **Lokaorð**

Brekkubæjarskóli starfar á farsælan hátt í anda stefnu sinnar með dygðir að leiðarljósi sem birtast í námi og starfi.

Í framhaldi þessa mats verður matsskýrsla send skólanum og sveitarstjórn þar sem fram koma nánari niðurstöður ytra matsins. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu ráðuneytis og Námsmatsstofnunar. Skóli og sveitarstjórn setja í framhaldi matsins fram áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til og ráðuneyti fylgist síðan með að þeim sé framfylgt.

Með bestu kveðju,

Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir  
Námsmatsstofnun

## Frekari greining fyrir Brekkubæjarskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður Brekkubæjarskóla á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum vorið 2013.


Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnu-mótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og náms-aðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Náms-aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórn-andinn sem leiðtogi	Starfs-áætlun og skóla-námskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsinga-miðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs-bundið	Umbóta-miðað
Faglegt samstarf	Verklags-reglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skóla-þróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta í Brekkubæjarskóla

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda í skólanum<sup>4</sup>.




## Kennsluhættir

### Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í 4 kennslustundum af 27. Kennarar nýttu Ut ekki til kennslu í þessum stundum.

### Kennsluathafnir<sup>5</sup>

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir.




<sup>4</sup> Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

<sup>5</sup> Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

*Mynd 2. Kennsluathafnir*

**Samvinna og einstaklingsvinna**

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda.



*Mynd 3. Samvinna og einstaklingsvinna nemenda.*

# Matsblað kennslustundar

## Vettvangsathugun í kennslustund

Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf og lok):
Kennari:	Fjöldi nemenda:

<b>Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:</b>	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.
<b>Framvinda kennslustundarinnar:</b>	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.
<b>Markmið, mat og endurgjöf:</b>	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.
<b>Samkipti og samstarf:</b>	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.

--

<b>Kennsluáðferðir og vinnutilhögun:</b>	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
<b>Námsaðlögun:</b>	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Námi nemenda tekur mð af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.
<b>Grunnþættir menntunar:</b>	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?
<b>Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.</b>	



## **Viðmið um gæði kennslustunda.**

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

### **Frábær / mjög góð**

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

### **Góð**

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

### **Viðunandi**

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

### **Óviðunandi**

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
  - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
  - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
  - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
  - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
  - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

## Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjú flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemandur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

### Flokkun kennsluathafna

#### Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsfni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

#### Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda meðskipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsfnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsfni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

### Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna

Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

### Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám

